

Fundargerð 18. fundar

Föstudaginn 18. desember 2020 var haldinn 18. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Björk Grétarsdóttir (til kl. 9)
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Páll Tómasson
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Auk fulltrúa í verkefnishópnum sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Jón Hrói ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 8.30

Dagskrá:

1. Tillaga til sveitarstjórna

Farið yfir afgreiðslur sveitarstjórna. Sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna hafa samþykkt tillögu verkefnishópsins um að ganga til formlegra viðræðna um sameiningu samkvæmt 119. grein sveitarstjórnarlaga. Tillagan var samþykkt samhljóða í öllum sveitarfélögum. Allir fulltrúar í verkefnishópnum voru skipaðir í samstarfsnefnd um sameiningu.

2. Samantekt verkefnishóps og verklok

Samantekt verkefnisins Sveitarfélagsins Suðurland lagt fram og rætt. Áfram haldið með umræðu um þann lærdóm sem við getum dregið af verkefninu. Mikið var rætt um leiðir til að bæta upplýsingagjöf og samskipti við íbúa og sveitarstjórnir. Breytingar voru færðar í skjalið.

3. Fundur samstarfsnefndar um sameiningu

Í ljósi þess að allir fulltrúar verkefnishópsins voru skipaðir í samstarfsnefnd var tækifærið nýtt til að ákveða fyrsta fund samstarfsnefndar. Ákveðið að fundurinn verði haldinn 8. janúar kl. 8:30. Anton Kári boðar til fundarins.

Verkefnishópurinn þakkar ráðgjöfum RR ráðgjafar fyrir vel unnin störf. Ráðgjafar þakka fyrir gott samstarf.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Formaður sleit fundi kl. 09:25